# Íslenska kerfið til fyrirmyndar

**● Búlgaría átti frumkvæði að ættleiðingarsamningi við Ísland ● Frumkvæðið líklega einsdæmi ● Íslenska ættleiðingarfyrirkomulagið skarar fram úr ● Tékkar taka íslenska foreldra fram yfir aðra**

SVIÐSLJÓS
Brynja Dögg Guðmundsdóttir
brynjadogg@mbl.is



Íslenska ættleiðingarfyrirkomulagið hefur vakið eftirtekt á erlendri grundu en í því samhengi er gjarnan talað um íslenska módelið. Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar, segir skipulagið í málaflokknum hérlendis einstakt.



Kristinn Ingvarsson

„Ættleiðingarfélög erlendis eru rekin einungis með gjöldum umsækjenda en ekki á Íslandi. Hér erum við með þjónustusamning við innanríkisráðuneytið sem tryggir rekstur félagsins þannig að fræðsla, ráðgjöf, stuðningur og þjónusta er tryggð óháð fjölda ættleiðinga til landsins. Svo er eftirfylgd og stuðningur veittur við fjölskyldu þegar heim er komið en þessi heildarmynd þykir framúrskarandi," segir Kristinn.

Hann segir íslenska fyrirkomulagið vera hátt skrifað hjá öðrum þjóðum. Til að mynda komi hlutfallslega fleiri börn frá Tékklandi til Íslands en til annarra landa. Tékkland er ekki með biðlista heldur eru umsækjendur paraðir við börn óháð biðtíma. Þá átti Búlgaría frumkvæði að ættleiðingasamningi við Ísland.



Morgunblaðið/Styrmir Kári

**Ættleiðingar** Stuðningur við foreldra ættleiddra barna og ráðgjöf eftir heimkomu fjölskyldunnar er mikilvæg.

### Börn af róma-uppruna

„Búlgaría er sérstakt samningsland fyrir okkur þar sem þeir áttu frumkvæði að því að gera samning um ættleiðingar milli landa. Mér þykir því sérstaklega vænt um þennan samning, hann er viðurkenning á því að breytingarnar sem hafa verið gerðar eru að skila árangri," segir Kristinn.

Samningurinn var undirritaður í lok apríl síðastliðins en frá Búlgaríu eru ættleidd um 500 börn á ári. Börnin eru flest af róma-uppruna þar sem börn af búlgörskum uppruna eru oftast ættleidd innanlands. Samningurinn við Búlgaríu er í meginatriðum áþekkur öðrum samningum. Búlgaría áskilur þó tvær heimsóknir tilvonandi foreldra en aðrar þjóðir láta eina duga þegar barnið er sótt.

Miðað er við að ættleiðingarforeldri þurfi að vera að minnsta kosti 15 árum eldra en barnið. Hér á landi þurfa ættleiðingarforeldrar að hafa náð 25 ára aldri en algengt er að löndin geri kröfu um að fólk sé frá 30-35 ára og upp í 50 ára gamalt. Gerð eru skilyrði um góða heilsu og tryggan fjárhag. Einhleypir geta ættleitt og einnig eru dæmi um að fólk með fötlun hafi ættleitt börn frá Búlgaríu.

### Samkynhneigðir útilokaðir

Samkynhneigðir fá þó ekki að ættleiða frá Búlgaríu frekar en öðrum löndum. Kristinn veit um eitt tilvik þar sem samkynhneigðu pari var leyft að ættleiða alþjóðlega. Hann hefur þó trú á því að með tíð og tíma geti orðið raunhæft að samkynhneigðir fái að ættleiða en nokkur lönd eru þegar farin að leyfa samkynhneigðum að ættleiða innanlands.

Hvernig ríki stendur að alþjóðlegri ættleiðingu er innanríkismál þess ríkis sem einstaklingur er ættleiddur frá og því hafa íslensk lög engin áhrif á þetta.

### Samningar við sex ríki

Á síðasta ári voru ellefu börn ættleidd til Íslands og nú þegar hafa átta börn verið ættleidd á þessu ári. Íslenska ríkið er nú með samning við sex ríki, Indland, Kína, Kólumbíu, Tékkland, Tógó og Búlgaríu. Biðtími eftir barni er mislangur, allt frá nokkrum dögum upp í átta ár. Fyrst þarf að fara í gegnum ferli á Íslandi þar sem hæfni foreldra er metin. Algengt er að ferlið hér taki 6-12 mánuði en hefur verið að lengjast. Þá tekur við biðtími erlendis sem oftast tekur tvö til fjögur ár. Biðtíminn erlendis er þó styttri ef barn er orðið sjö ára, um ræðir systkini eða börn með skilgreindar þarfir.

Algengast er að börn komi til landsins á aldrinum 1-3 ára en elsta barnið hefur verið sex ára. Í upprunaríkinu þarf að tryggja að barnið sé örugglega laust til ættleiðingar eins og áskilið er í Haagsamningnum um vernd barna og alþjóðlegar ættleiðingar frá 1993.

Foreldri sem gefur barn til ættleiðingar fær þriggja mánaða umhugsunarfrest en á þeim tíma er ekkert gert. Næst tekur við tímabil þegar reynt er að finna heimili fyrir barnið hjá skyldmenni. Þá er reynt að ættleiða barnið innanlands og að lokum er reynt að finna foreldra í öðru landi. Hvert skref er talið taka oftast þrjá mánuði svo það er í raun í fyrsta lagi eftir níu mánuði sem barn er ættleitt til annars lands.

### Ættleiðing

- » Íslensk ættleiðing er eina félagið á Íslandi sem heimilt er að annast milligöngu um ættleiðingar frá útlöndum.
- » Ríflega 600 munaðarlaus börn hafa verið ættleidd til Íslands.
- » Í gegnum tíðina hefur verið vinsælast að ættleiða frá Kína en ættleiðingar frá Tékklandi hafa aukist mikið síðustu ár.
- » Átta börn hafa verið ættleidd frá útlöndum á árinu 2015.



Ljósmynd/Thomas Hanses(EBU)

**Hetja** Svíinn Måns Zelmerlöw.

## Sætur sigur Svíanna

**Svíþjóð vann Eurovision, söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, með laginu „Heroes". Popp- og sjónvarpsstjarnan Måns Zelmerlöw flutti lagið af mikilli innlifun og það virðist hafa haft góð áhrif á þær 195 milljónir sem fylgdust með keppninni í yfir 45 löndum.**

**Zelmerlöw sem er tæplega þrítugur kom fyrst fram í sjónvarpsþættinum Idol í Svíþjóð fyrir tíu árum síðan og vann þá keppni.**

**Með þessum sigri er Svíþjóð í öðru sæti yfir þau lönd sem oftast hafa unnið Eurovision en þetta er sjötti sigur Svía í keppninni. Írland hefur farið með sigur af hólmi sjö sinnum.**

**Sænska lagið „Heroes" fékk samtals 365 stig en einungis tvisvar sinnum í sögu Eurovision hafa fleiri stig fengist. Sigurinn var því sætur fyrir Svía sem fögnuðu dátt. Rússar urðu í öðru sæti.**







